

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BRA 801 Kennsluáætlun 5.önn vor 2012	

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Upprifjun á byggingarlagi, vélbúnaði og vinnuhætti dísilhreyfla. Farið yfir algengan rafbúnað og kerfi sem tengjast dísilhreyflum. Farið yfir mæli- og prófunartæki og æfingar í notkun þeirra, m.a. notkun afgangsgreinis. Áhersla á notkun viðgerðabóka og upplýsingagagna.

Markmið:

Nemandi þekki: Byggingarlag, vélbúnað og vinnuhátt dísilhreyfla, helsta rafbúnað og kerfi sem tengjast dísilhreyflum sérstaklega. Nemandi þekki, ræsihitunarbúnað, ganghraðastjórnun, eldsneytisstjórnun og Eldsneytisfæðubúnað.

Nemandi geti: Fundið viðkomandi íhluti í ökutækjum og lýst tilgangi þeirra. Nemandi geti, prófað rafbúnað og kerfi, sérstaklega forhitunarkerfi, fundið bilanir og gert minniháttar viðgerði og notað afgangsgreini.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Áætlun um yfirferð:

Upprifjun á virkni díselhreyfla, hvaða skilyrði eru nauðsinleg þannig að sjálfsíkveikja geti átt sér stað, nokkur orð um þróun og framfarir. Fjallað um hvernig unnið er við díselhreyfla og stýrikerfi þeirra í ökutækjum, öryggisatriði, mælanotkun og prófunartæki. Farið yfir virkni forbrunahólfa og forhitunar. Rætt um nokkrar gerðir rafstýrðra díselhreyfla svo sem með rafstýrðu olíuverki, dæluspíssakerfi og með sameiginlegu þrýstiröri. Farið yfir virkni íhluta þessara kerfa og skoðuð sýnishorn. Rætt um áhrif hitastigs á gangsetningu og afköst. Nemendur vinna 2 verkefni sem felast í því að finna íhluti stýrikerfa og skilgreina hlutverk þeirra og virkni í tvennskonar díselhreyflum. Nemendum kynnt virkni afgangsmælitkja og þeir gera afgangsmælingar hjá Frumherja. Svo er upprifjun og lokapróf.

Verkefni: Nemendur vinna 2 verkleg verkefni og eitt skriflegt próf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Bókleg verkefni og Próf 40%. Verkleg verkefni með skýrslu 40%. Mat 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna.

Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk.

Áskilinn er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils